

Mánudaginn 8. maí 1978.

Nr. 134/1976. Þóra Kristín Helga Magnúsdóttir

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Kr. Kristjánssyni h/f og

Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f

(Benedikt Blöndal hrl.).

Bifreiðar. Umferðarslys. Skaðabótamál. Kvittun fyrir bótafjárhæð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinhjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 5. júlí 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. júní s. á. Krefst hún þess, að stefndu verði óskipt dæmt að greiða sér 599.853 krónur með 7% ársvöxtum frá 18. febrúar 1971 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál, en hún fékk gjafsóknarleyfi fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytis 8. júní 1976.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega fallast á það, að ekki séu slíkar forsendur brostnar fyrir samkomulagi áfrýjanda og stefnda Sjóváttryggingarfélags Íslands h/f 31. maí 1972, að áfrýjandi geti nú krafist stefndu um frekari bætur vegna meiðsla sinna.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Allur gjafsóknarkostnaður málsins fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, 90.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dónur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda, Þóru Kristínar Helgu Magnúsdóttur, fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hennar, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 90.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara.

Lýsing málavaxta er í hinum áfrýjaða dómi.

Stefndi Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f greiddi áfrýjanda 127.334 krónur 31. maí 1972. Þá lágu fyrir lögregluskýrslur um slysið 18. febrúar 1971 og áverkavottorð Ólafs Ingibjörnssonar læknis, dagsett 14. apríl 1972. Í því vottorði segir m. a., að áfrýjandi hafi verið útskrifuð frá slysadeild Borgarspítalans 8. mars 1972. Við skoðun nokkru áður, 25. febrúar, hafi röntgenmynd sýnt, að brotið var alveg gróið, og hinn 8. mars hafi vantað „aðeins 10—15° upp á fulla réttingu í olnboganum, hvers hreyfingar voru að öðru leyti fullar“.

Umboðsmaður áfrýjanda, Egill Gestsson, ritaði stefnda Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f bréf 4. maí 1972 og setti fram bótakröfu. Í bréfinu segir m. a.: „Eins og fram kemur í vottorðunum, hefur Þóra átt í þessum meiðslum sínum nærri 13 mánuði. Það er jafnframt augljóst, að hún hefur orðið að þola öll þau bágindi, sem slíku slysi eru samfara. Þótt hana vantaði við skoðun 8. mars s.l. 10—15° upp á fulla réttingu olnbogans, er þess að vænta, að það lagist með tímanum“. Greiðslan 31. maí 1972 var eftir skjölum málsins fundin með samkomulagi þannig:

Atvinnutjón í 5 mánuði,

mánaðarkaup 17.786 kr. 88.930 kr.

÷ kaup frá vinnuveitanda . . 17.786

71.144

Miskabætur	40.000
Útlagður kostnaður	5.945
Vextir	10.245

127.334 kr.

Kvittun fyrir greiðslu þessari var skráð á prentað eyðublað frá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f. Hluti hins prentaða texta er þannig: „Geri ég ekki frekari kröfu á hendur félaginu né eiganda bifreiðarinnar vegna tjóns þessa.“ Sama dag greiddi félagið 9.467 krónur í innheimtukostnað vegna tjónsins.

Áfrýjandi taldi bata sinn ekki fullnægjandi og leitaði því aftur til slysadeildar Borgarspítalans 15. janúar 1973. Ólafur Ingibjörnsson læknir segir í vottorði 30. ágúst 1973: „Með öðrum orðum hafði sj. nú fengið, eins og svo oft gerist eftir áverka í kringum liði, gigtarbreytingar í hægri olnhoga með tilsvarendi hreyfingarhindrun“.

Bréf Egils Gestssonar, umboðsmanns áfrýjanda, til hins stefnda tryggingarfélags 4. maí 1972 var byggt á læknisvottorði Ólafs Ingibjörnssonar 8. mars s. á. Verður bréfið ekki skilið með öðrum hætti en þeim, að áfrýjandi hafi talið, að hún mundi ná fullum bata. Uppgjörið bendir og til þess, að örorka áfrýjanda hafi aðeins verið álitin tímabundin, en ekki varanleg. Síðar komu fram gigtarbreytingar, og mátti áfrýjandi ekki búast við þeim, þegar uppgjörið fór fram 31. maí 1972. Hún er því ekki bundin við yfirlýsinguna um fullnaðaruppgjör, sem þá var gefin, en telja verður, að þá hafi verið samið um það tjón, sem fram var komið fyrirnefndan dag.

Áfrýjandi gekk út á fjölfarna göu og stóð eða var á gangi á miðri götunni, þegar slysið varð í febrúar 1971. Með þessu þykir hún sjálf vera meðvöld slyssins. Eftir 1. og 3. mgr. 67. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 þykja stefndu eiga að bæta áfrýjanda tjón hennar að 2/3 hlutum.

Í málinu hefur verið lagt fram örorkumat Páls Sigurðssonar læknis, og er álitserð hans tekin upp í héraðsdóm í þeim mæli sem hún skiptir hér máli. Páll Sigurðsson komst

að þeirri niðurstöðu, að tímabundin örorka áfrýjanda hefði staðið í 20 mánuði, en hún hefði hlotið 7% varanlega örorku.

Lögð hafa verið fram skattframtöl áfrýjanda 1972—1975 og þrjár örorkuútreikningar Þóris Bergssonar tryggingastærðfræðings frá 17. desember 1973, 12. mars 1974 og 16. október 1975. Í hinum síðasta, sem hér skiptir einn máli, segir m. a.:

„Áætlun vinnutekna og vinnutekjutaps:

Áætlunin er tvískipt.

I. Störf utan heimilis.

Samkvæmt staðfestum ljósritum af skattframtölum Þóru árin 1969—1971 voru vinnutekjur hennar þrjú heilu almannaksárin fyrir slysið eftirfarandi:

Árið 1968 kr. 126.291

— 1969 — 144.308

— 1970 — 154.570

Allra þessara tekna aflaði Þóra hjá Kexverksmiðjunni Frón á Iðjutaxta. Ég hef því umreiknað þær til kauplags á slysdagi og síðan samkvæmt breytingum á þeim taxta.

Þannig áætlaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að varanlega tapið sé 7% af áætluðum vinnutekjum frá slysdagi og tímabundna tapið sá hundraðshluti af þeim, sem örorkumat læknisins segir til um að frádrægnum 7%:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap Tímabundið:	Varanlegt:
1. árið eftir slysið	kr. 202.987	kr. 142.259	kr. 14.209
2. árið eftir slysið	— 247.251	— 52.924	— 17.359
3. árið eftir slysið	— 312.380		— 21.867
4. árið eftir slysið	— 445.082		— 31.156
5. árið eftir slysið	— 560.122		— 39.209
Síðan árlega	— 629.389		— 44.057

II. Heimilisstörf.

Þóra hefur tvö börn á framfæri samkvæmt skattframtölum:

Magnús Jenson f. 11.-7. 1956 og Ólöfu Ásbjörgu Árnadóttur f. 20.-1. 1970.

Ég mun því áætla henni nokkrar vinnutekjur fyrir heimilisstörf.

Dómstólar hafa ekki gefið fullnægjandi leiðbeiningu um, hvernig áætla skuli vinnutekjur fyrir heimilisstörf í hinum mismunandi tilvikum, sem fyrir geta komið.

Sú venja hefur skapast að nota dagvinnutekjur samkvæmt Iðjutaxta sem grundvöll við áætlun tekna vegna heimilisstarfa. Stærð heimilis ákvarðar, hve margir hundraðshlutar af þeim vinnutekjum eru notaðir, svo og verður að taka tillit til þess, hvort móðirin vinnur utan heimilis. Ég mun hér meta vinnuframlag Þóru á heimili til 40% af lægsta taxta Iðju fyrir dagvinnu eingöngu meðan börnin eru bæði yngri en 20 ára, en 20% meðan einungis yngri barnið er það.

Þannig áætlaðar vinnutekjur og vinnutekjutap er sýnt í næstu töflu.

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap Tímabundið:	Varanlegt:
1. árið eftir slysið	kr. 77.658	kr. 54.425	kr. 5.436
2. árið eftir slysið	— 94.592	— 20.247	— 6.621
3. árið eftir slysið	— 119.509		— 8.366
4. árið eftir slysið	— 175.310		— 12.272
5. árið eftir slysið	— 220.622		— 15.444
6. árið eftir slysið	— 175.600		— 12.292
7.—18. árið eftir slysið	— 123.953		— 8.677
19. árið eftir slysið	— 113.623		— 7.954
Síðan árlega	— 0		— 0

Verðmæti vinnutekjutaps.

Við útreikning á verðmæti vinnutekjutaps hef ég notað tvær mismunandi forsendur um vexti.

Forsenda I.

Frá slysdegi til 16. maí 1973 eru notaðir 7% ársvextir og síðan 9% til frambúðar.

Forsenda II.

Til 15. júlí 1974 eru notaðir sömu vextir og í forsendu I, en síðan 13% ársvextir til frambúðar.

Verðmæti vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdagi:
Forsenda I:

	Störf utan heimilis:	Heimilis-störf:	Samtals:
Vegna tímabundinnar örorku	kr. 186.284	kr. 71.269	kr. 257.553
Vegna varanlegrar örorku	— 393.852	— 86.372	— 480.224
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
Samtals	kr. 580.136	kr. 157.641	kr. 737.777

Forsenda II:

	Störf utan heimilis:	Heimilis-störf:	Samtals:
Vegna tímabundinnar örorku	kr. 186.284	kr. 71.269	kr. 257.553
Vegna varanlegrar örorku	— 308.339	— 75.764	— 384.103
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
Samtals	kr. 494.623	kr. 147.033	kr. 641.656

Frádráttur.

Ekki hefur verið athugað, hver er eðlileg lækkun verðmætis vinnutekjutaps vegna skattfrelsis bóta.

Reiknigrundvöllur.

Áður hefur verið rætt um vexti. Við útreikningana hafa verið notaðar dánarlíkur íslenskra kvenna samkvæmt reynslu árána 1966—1970 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu.“

Bótakrafa áfrýjanda er þannig fundin:

Verðmæti vinnutekjutaps	647.451 kr.
Miskabætur	150.000 —
Sjúkrakostnaður	12.910 —

810.361 kr.

Til frádráttar komi:

Bætur 31. maí 1972 127.334

Slysabætur skv. samningi 80.600
Frá Tryggingast. ríkisins 2.574 210.508 kr.

599.853 kr.

Tjón áfrýjanda eftir 31. maí 1972 þykir hæfilega metið 400.000 krónur. Frá þeirri upphæð ber að draga slysabætur samkvæmt samningi, 80.600 krónur. Ber stefndu þá að mínu áliti að greiða óskipt til áfrýjanda: $(400.000 - 80.600) \times 2/3 = 212.933$ krónur. Vaxtakröfu áfrýjanda ber að taka til greina. Þá ber að dæma stefndu til að greiða áfrýjanda óskipt málskostnað í héraði, 100.000 krónur, og til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, 120.000 krónur, sem renni í ríkissjóð. Ríkissjóður greiði gjafsóknarkostnað áfrýjanda hér fyrir dómi, þar á meðal málflutningslaun skipaðs talsmanns hennar, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 75.000 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. nóvember 1975.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 24. f. m., hefur Þóra Kristín Helga Magnúsdóttir iðnverkakona, Hofteigi 6, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 11. desember 1974, á hendur Kr. Kristjánssyni h/f, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík, og Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f, Suðurlandsbraut 4, Reykjavík, til greiðslu in solidum á skaðabótum að fjárhæð kr. 603.427 með 7% ársvöxtum frá 18. febrúar 1971 til 16. maí 1973, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður úr hennar hendi eftir mati dómsins.

Reynt hefur verið að koma á sátt í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Helstu málavextir eru þessir:

Fimmtudaginn 18. febrúar 1971, milli klukkan 17 og 18, var stefnandi á leið norður yfir Skúlagötu í Reykjavík á móts við húsið nr. 30. Þegar stefnandi var komin um það bil út á miðja götuna að óbrotinni línu, varð hún að nema staðar vegna bifreiðar, sem ekið var eftir götunni. Í sömu mund ók bifreiðin

R 18059, Ford vörubifreið, eign stefnda Kr. Kristjánssonar h/f, ábyrgðartryggð hjá stefnda Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, austur götuna á vinstri akrein. Ökumaður bifreiðarinnar, Karl Ottesen, sá stefnanda, þar sem hún stóð úti á miðri götunni og beygði frá henni til hægri, er hann kom að henni, og taldi sig sleppa fram hjá henni. Svo varð þó ekki, því að vinstra skjólborðið á palli vörubifreiðarinnar lenti á hægri handlegg stefnanda, sem ekki hafði orðið bifreiðarinnar vör, þar sem hún sneri baki að bifreiðinni.

Karl Ottesen Jónsson, ökumaður bifreiðarinnar R 18059, varð ekki var við slysið og ók rakleiðis áfram, en ökumaður næstu bifreiðar, er þar ók á eftir, Valdimar Konráðsson, nam staðar, bauð stefnanda upp í bifreið sína og ætlaði að aka henni heim. Er þau komu á móts við Umferðarmiðstöðina við Borgartún, báru þau kennsl á bifreiðina R 18059, námu staðar og höfðu tal af ökumanni hennar, Karli Ottesen Jónssyni. Tjáðu þau honum, hvað gerst hafði, en hann hafði þá ekki orðið slyssins var, eins og fyrr segir. Ók hann stefnanda síðan á slysavarðstofuna, og þar kom í ljós, að hún hafði brotnað á hægri hendi, rétt fyrir neðan olnboga.

Karl Ottesen Jónsson hefur borið, að hann hafi í umrætt sinn verið á um það bil 30—40 km hraða miðað við klst., og er sá framburður studdur vætti Valdimars Konráðssonar.

Ólafur Ingibjörnsson skoðaði stefnanda, er hún kom á slysavarðstofuna. Hefur hann gefið vottorð þar um, dags. 14. apríl 1972. Í þessu vottorði segir m. a. svo:

„Við skoðun er rétt fyrir neðan hæ. olnboga talsvert mar. Sjúkl. kvartaði mjög um sársauka við hreyfingar í olnboganum.

Rtg.mynd sýndi, að um brot var að ræða á efri hluta hæ. ölnarbeins. Var brotið í nokkuð góðum skorðum. Lagt var á handlegginn hátt gips og sjúkl. síðan gefinn fetill og henni leyft að fara heim.

Sjúkl. mætti síðan reglul. hér á deildinni, og var fylgzt með brotinu, bæði með skoðunum og rtg. myndatökum við og við. Í fyrstu virtist svo sem staða brotsins væri velviðunandi, og svo virtist sem nýtt bein settist að á eðlil. hátt. Þannig sýndu rtg.-myndir, sem teknar voru þann 22. 3. '71, að beinnýmyndunin væri nánast eðlil., en á þeim myndum hafði þó orðið dálítið aukin skekkja á brotinu, en var þó álitin vel viðunandi.

Er hún kom í skoðun þann 5. apríl '71, voru rtg.myndir sem

áður, og var gipsið nú tekið af og sjúkl. ráðlagt að fara að æfa olnbogann.

Er hún kom til skoðunar þann 30. 4. '71, kvaðst hún hafa farið að vinna 19. þess mánaðar. Hafði hún þó ennþá óþægindi við hreyfingar í olnbogunum.

Hún kom aftur hingað á fracturudeild Slysadeildarinnar þann 10. ágúst '71. Hafði hún þá enn einkenni frá brotstaðnum. Rtg.-mynd sýndi nú, að brotið hafði ekki gróið fyllilega, heldur myndað, að því er virtist, falskan lið. Þótti þá ekki annað sýnt en að rétt væri að gera aðgerð á brotinu og festa það innri festingu. Var hún því sett á biðlista til þess að koma inn og fá þessa aðgerð gerða. Þann 10. nóv. '71 var hún svo tekin inn á legudeild Slysadeildarinnar, og daginn eftir var gerð á henni aðgerð og brotinu fest á þann hátt, að gamla brotið og það bein, sem þar hafði myndast, var meitlað upp og síðan rekinn stálpinni niður í gegnum ölnarbeinið ofan frá og auk þess settar beinflögur, sem teknar voru úr mjaðmarkambinum á brotstaðinn á ölnarbeininu. Handleggurinn var síðan immobiliseraður í gipsi.

Sjúkl. heilsaðist vel eftir aðgerðina, og hún var send heim 15. 11. '71. Hún hefur mætt reglul. til eftirlits á fracturuklinik deildarinnar síðan, þar til 8. marz '72, að hún var útskrifuð héðan. Fylgzt var með brotinu, bæði með skoðunum og rtg.myndatökum. Það gréri nú eðlil., og þann 13. desember, er handleggurinn var myndaður gipslaus, sást, að um beinnymyndun var að ræða. Gipsinu var svo alveg sleppt 12. jan. '72. Þá var komin rikuleg beinnymyndun, og fór sjúkl. nú að hreyfa olnbogann. Þann 26. jan. '72 kom hún til eftirlits, var hún þá við góða liðan og ánægð. Hreyfingar í hæ. olnboga voru þá 60°—160°. Einu óþægindin, sem sjúkl. hafði nú, voru eymsli á olnbogunum yfir naglendanum. **Hún ráðgerði** nú að fara að vinna þá næstkomandi mánudag, sem var 31. janúar '72.

Þann 25. feb. kom hún til eftirlits, og var liðan hennar þá góð, vantaði nú aðeins ca. 30° upp á fulla réttingu í olnbogunum, en sveifluhreyfingar olnbogans voru dálítið stirðar. Rtg.mynd sýndi, að brotið var alveg gróið, og var ráðgert, að sjúkl. kæmi þann 29. feb. aftur og yrði þá mergnaglinn tekinn úr beininu. Var svo gert.

Þ. 8. marz kom hún til eftirlits. Var þá sárið, hvar naglinn hafði verið fjarlægður í gegnum, gróið, og voru saumar þar fjarlægðir. Vantaði hana nú aðeins 10—15° upp á fulla réttingu í olnbogunum, hvers hreyfingar voru að öðru leyti fullar.“

Hinn 4. maí 1972 krefur stefnandi Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f um skaðabætur vegna slyssins, að fjárhæð samtals kr. 191.552. Stefnandi naut liðsinnis tryggingarmiðlarans Egils Gestssonar við þessa kröfugerð. Í kröfubrési Egils Gestssonar f. h. stefnanda til Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f segir m. a. svo:

„Eins og fram kemur í vottorðunum, hefur Þóra átt í þessum meiðslum sínum í nærri 13 mánuði. Það er jafnframt augljóst, að hún hefur orðið að þola öll þau bágingi, sem slíku slysi eru samfara. Þótt hana vanti við skoðun 8. marz s.l. 10—15° upp á fulla réttingu olnbogans, er þess að vænta, að það lagist með tímanum . . .“

Hinn 31. maí 1972 semur Egill Gestsson f. h. stefnanda um bætur við Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f vegna slyssins, að fjárhæð kr. 127.334. Í skaðabótakvittuninni er tekið fram, að umsamdar skaðabætur séu fyrir atvinnutjón, miska, kostnað og vexti. Enn fremur segir svo í kvittuninni: „Geri ég ekki frekari kröfur á hendur félaginu né eiganda bifreiðarinnar vegna tjóns þessa.“

Stefnandi taldi sig ekki ná þeim bata, er hún hafði vænst, og fór á ný til Ólafs Ingibjörnssonar, læknis á slyshadeild Borgarspítalans. Hefur hann gefið læknisvottorð, dags. 30. ágúst 1973, er það framhald af framangreindu vottorði hans frá 14. apríl 1972. Í þessu vottorði segir m. a. svo:

„Nú kom Þóra hingað vegna óþæginda frá brotstaðnum. Hún kvaðst hafa unnið fulla vinnu síðan hún útskrifaðist héðan, en kvaðst samt sem áður fá alltaf þreytutilfinningu í hægri handlegg og hafði ekki ennþá náð upp fullum hreyfingum í hægri olnboga.“

Við skoðun hér þann dag reyndust hreyfingar í hægri olnboga 60—150°. Það vantaði ca. 5° upp á bæði fulla supination og pronation. Kraftar í upphandleggnum voru góðir svo og í hendi.

Rtg.mynd af hægri olnboga, sem tekin var daginn eftir, þ. e. a. s. 16/1 1973, sýndi merki um gróna fracturu í proximala ulna. Það voru greinilega arthrosbreytingar í olnbogaliðnum, og rétti sj. ekki fyllilega úr liðnum. Aðrar sjúklegar breytingar greindust ekki. Með öðrum orðum hafði sj. nú fengið, eins og svo oft gerist eftir áverka í kringum liði, gigtarbreytingar í hægri olnboga með tilsvarendi hreyfingarhindrunum.

Hinn 19/1 1973 var dælt inn í hægri olnbogalið hydrocortisone, og jafnframt var Þóra send í æfingar til Jóns Þorsteinssonar íþróttabjálfa. Ráðgert var að endurtaka hydrocortisone inn-

dælingar í olnbogann þrisvar sinnum í allt, með 10 daga millibili.

Við skoðun hér 17/2 var hún ennþá í æfingum á olnboganum og taldi sig fara heldur batnandi.

Hinn 16/3 kom Þóra hingað síðast. Var nú hreyfigeta hægri olnboga 60—150°, supination 90° og pronation 75—80°.

Ekki var ráðgert, að Þóra kæmi hingað aftur til meðferðar.

Það virðist auðsætt, að Þóra hefur hlotið varanlegan skaða á hægri olnboga eftir slysið 18/2 1971. Ekki er margra kosta vól hvað meðferð snertir, og má fullvíst telja, að hún nái aldrei betri hreyfingum en hún hefur nú.“

Eftir þetta leitar stefnandi til Páls Sigurðssonar læknis, er mat örorku hennar af völdum slyssins. Örorkumat læknisins er dags. 24. nóvember 1973. Í upphafi þess vitnar hann til nokkurra læknisvottorða, en síðar í örorkumatinu segir svo:

„Konan kom til viðtals hjá undirrituðum hinn 23/10 1973. Hún skýrði frá slysi og meðferð eins og fram kemur hér að framan.

Núverandi óþægindi: Kvartar um stirðleika í hægri olnboga og verki við áreynslu á liðinn.

Skoðun: Það er greinilega stirðleiki í hægri olnbogalið, beygja er eðlileg, en það vantar um 30° upp á fulla réttingu miðað við vinstri. Hverfihreyfing var nær eðlileg, þó vantaði um 10° upp á að pronation væri jöfn og vinstra megin.

Enginn stirðleiki var finnanlegur í axlarliðum eða úlnliðum.

Ályktun: Hér er um að ræða 39 ára gamla konu, sem slasaðist fyrir rúmlega 2½ ári. Við slysið hlaut hún brot á hægri öln. Brotið greri ekki við fyrstu meðferð, og var gert við brotið með skurðaðgerð um 9 mánuðum eftir slysið.

Eftir það greri brotið, en sem afleiðing meiðslisins er stirðleiki í liðnum, og vantar um það bil 30° upp á fulla réttingu auk þess sem lítilsháttar stirðleiki er við pronation.

Vegna slyssins verður að telja, að konan hafi hlotið tíma-bundna og varanlega örorku, sem telst hæfilega metin þannig:

Í 2 mánuði	100%	örorka.
Í 3	75%	—
Í 4	50%	—
Í 3	100%	—
Í 2	75%	—
Í 2	50%	—
Í 2	25%	—
Í 2	15%	—

Og síðan varanleg örorka 7%.“

Þegar örorkumat þetta lá fyrir, var Þórir Bergsson tryggingafræðingur látinn reikna út örorkutjón stefnanda. Gerði hann það fyrst 17. desember 1973. Næsta dag sendi Egill Gestsson tryggingamiðlari Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f kröfubréf, þar sem hann krefur fyrir hönd stefnanda félagið um viðbótarbætur vegna slyssins, að fjárhæð kr. 590.300. Hinn 20. mars 1974 krefur Egill Gestsson tryggingamiðlari fyrir hönd stefnanda Sjóváttryggingarfélag Íslands enn um bætur, nú að fjárhæð kr. 540.532. Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f synjaði viðbótargreiðslu til stefnanda vegna slyssins. Höfðaði hún því mál þetta, svo sem fyrr er rakið í dómnum.

Stefnandi rökstyður dómkröfur sínar með því, að stefndu hafi viðurkennt óskipta og óskoraða skaðabótaskyldu sína vegna slyssins 18. febrúar 1971. Þegar áverkavottorðið frá 14. apríl 1972 hafi legið fyrir, hafi tjón stefnanda verið gert upp hinn 31. maí 1972 með kr. 127.334 og hafi þar verið innfalið tímabundið vinnutekjutap, miski, kostnaður og vextir. Aðiljar hafi á þeim tíma verið í góðri trú um, að allar afleiðingar slyssins væru fram komnar, og þess vegna væri tímabært að ganga frá uppgjöri bóta og hafi verið við það miðað, að slysið hefði engar varanlegar afleiðingar í för með sér. Hafi aðiljar byggt þessa niðurstöðu m. a. á nefndu áverkavottorði.

Síðan hafi það komið í ljós, að þetta hafi verið rangt hjá aðiljum. Hreyfigeta hægri olnboga hafi verið verulega skert og fylgt því óþægindi og þreyta í hægri handlegg. Sjúkrasaga stefnanda sé rakin í örorkumati Páls Sigurðssonar læknis, dags. 24. nóvember 1973. Þar sé stefnanda talin hafa hlotið tímabundna örorku í 20 mánuði og varanlega 7% örorku vegna slyssins. Á grundvelli þessa örorkumats hafi tryggingafræðingur reiknað út vinnutekjutap stefnanda af völdum slyssins.

Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f hafi synjað greiðslu á frekari bótum en þegar hafi verið inntar af hendi með þeim rökum, að tjón stefnanda hafi verið að fullu bætt með greiðslunni 31. maí 1972, en á kvittun þeirri hafi umboðsmaður stefnanda kvittað fyrir greiðslunni sem fullnaðargreiðslu. Stefnandi vekur athygli á því, að hér hafi verið um utanréttarsátt að ræða og hafi hún þá ekki vitað betur en afleiðingar slyssins væru að fullu fram komnar. Afleiðingar slyssins hafi hins vegar verið stórum meiri og alvarlegri en ætlað hafði verið og allar forsendur séu því brostnar fyrir sáttinni og stefnandi ekki lengur bundin af henni.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því, að hinn 31. maí 1972

hafi Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f og stefnandi samið um fullnaðarbætur til stefnanda vegna slyssins. Þar hafi verið stuðst við áverkavottorð frá Ólafi Ingibjörnssyni lækni, dags. 14. apríl 1972. Stefndu mótmæla því eindregið, að stefnandi sé ekki lengur bundin af þessu samkomulagi. Stefnandi hafi engan rétt geymt sér við uppgjórið, en þó vitað best sjálf um líðan sína og bata. Stefndu mótmæla því algerlega, að uppgjör skaðabótakröfu eigi aðeins að vera málamyndauppgjör, sem aðeins sé miðað við þekktar forsendur á samningsaugnablikinu, en taka megi upp til endurskoðunar við breyttar forsendur. Á þessu byggja stefndu sýknukröfuna fyrst og fremst. Eigi stefnandi að vera óbundin af gerðu samkomulagi, hljóti stefndu einnig að vera það og þeim eigi þá að vera heimilt að hafa uppi hvers konar varnir gegn kröfugerð stefnanda. Þá halda stefndu því fram, að það skipti engu máli, hvort samkomulag þetta hafi verið gert utan réttar eða innan.

Stefndu hafa mótmælt framangreindu örorkumati. Sérstaklega mótmæla þeir því, að svona lítil örorka skerði hæfni stefnanda til tekjuöflunar.

Þá benda stefndu á, að stefnandi hafi hætt sér út á eina af fjölförnustu götum Reykjavíkur, eftir að skuggsýnt var orðið, og ætlað að sæta færi milli bifreiða í báðar áttir. Þá hafi slysið orðið. Stefnandi hljóti því að teljast eiga á því verulega sök. Þess vegna telja stefndu, að með greiðslunni frá Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f og öðrum greiðslum hafi stefnanda verið bætt tjón hennar að því leyti sem lækkun eða niðurfelling komi ekki til, sbr. 3. mgr. 67. gr. umferðarlaga.

Niðurstaða dómsins.

Þegar stefnandi gerir framangreinda sátt við Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f hinn 31. maí 1972 með aðstoð tryggingamiðlara, liggur fyrir áverkavottorð Ólafs Ingibjörnssonar læknis frá 14. apríl 1972. Í því kemur fram, að það vantaði 10—15° upp á fulla réttingu í olnboga hægri handar, hvers hreyfingar voru að öðru leyti fullar. Þrátt fyrir þetta ástand gefur umboðsmaður stefnanda, tryggingamiðlarinn, fyrirvaralauska skaðabótakvittun til Sjóváttryggingarfélags Íslands h/f. Í þessari kvittun er tekið fram berum orðum: „Geri ég ekki frekari kröfur á hendur félaginu né eiganda bifreiðarinnar vegna tjóns þessa.“

Þegar þetta er haft í huga, verðgildi hinnar umsömdu bótafjárhæðar, er hún var innt af hendi, svo og hver sennileg tildæmd bótafjárhæð yrði, ef fullnaðarkvittun hefði ekki verið gefin, þá getur dómurinn ekki á það fallist, að afleiðingar slyssins fyrir

stefnanda hafi í verulegum atriðum orðið alvarlegri heldur en hún mátti reikna með, þegar samið var um bæt看 við Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f hinn 31. maí 1972. Að þessu athuguðu getur dómurinn ekki fallist á það með stefnanda, að forsendur séu brostnar fyrir margnefndu samkomulagi, heldur sé stefnandi enn við það bundinn. Ber því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Með vísan til 178. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85 frá 23. júní 1936 þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Kr. Kristjánsson h/f og Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f, eiga að vera sýknir af öllum kröfum stefnandans, Þóru Kristínar Helgu Magnúsdóttur, í máli þessu.

Hvor aðili á að bera sinn kostnað af máli þessu.

Mánudaginn 8. maí 1978.

Nr. 210/1976. **Dánarbú Einars Guðnasonar**

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs

(Sigurður Ólason hrl.).

Skattamál. Valdsvið rikisskattstjóra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 29. október 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. s. m. Krefst hann þess, að hækkun rikisskattstjóra á tekjuskatti séra Einars Guðnasonar árið 1973, 71.593 krónur, staðfest af rikisskattanefnd 22.